



Til bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar

Akranes, 4. mars 2022

Efni: Tillaga að samningi við Hvalfjarðarsveit um færslu sveitarfélagamarka (breytt lögsögumörk) vegna landsins Óslands-Kirkjutungu sem er í eigu Akraneskaupstaðar en nú innan lögsögumarka Hvalfjarðarsveitar.

Með vísan til 3. mgr. 4. gr. laga um sveitarfélög nr. 138 frá 2011, getur ráðherra breytt mörkum sveitarfélaga ef samkomulag er um slíkt milli sveitarfélaga.

Með vísan í greinds lagaákvæðis óskaði bæjarstjórn Akraneskaupstaðar eftir því með bréfi, dags. 13. janúar 2021, við sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að mörkum sveitarfélaganna yrði breytt þannig að hluti af Óslandi – Kirkjutungu, sem er eins og áður sagði eigu Akraneskaupstaðar en er í landi Hvalfjarðarsveitar, yrði innan lögsögu Akraneskaupstaðar.

Hvalfjarðarsveit var upplýst um að á svæðinu á væri gert ráð fyrir að hýsa atvinnustarfsemi. Hefur Akraneskaupstaður þegar lagt í nokkurn kostnað við að þróa hugmyndir til atvinnusköpunar vegna þessa. Endurskoðun á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar hefur tekið mið af þessari skiptingu.

Á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar 22. júní 2021 var samþykkt færsla á sveitarfélagamörkum á láglandi milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar. Mörk sveitarfélaganna skyldu vera óbreytt í Akrafjalli.

Meðfylgjandi er tillaga að samkomulagi um færsluna sveitarfélagamarkanna í samræmi við framangreint.



Akraneskaupstaður

Meðfylgjandi er jafnframt yfirlýsing um skiptingu landsins en skipta þarf landinu í tvennt þar sem hluti landsins þess verður áfram í Hvalfjarðarsveit þ.e. fjalllendið. Báðir hlutarnir verða áfram eign Akraneskaupstaðar.

Óskað er eftir að bæjarstjórn samþykki meðfylgjandi drög að samkomulagi um breytt sveitarfélagamörk sem og yfirlýsingu um skiptingu Óslands-Kirkjutungu í tvær lóðir skv. meðfylgjandi tillögu.

Erindið verður sent sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar til samþykktar að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar Akraneskaupstaðar.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar

Sævar Freyr Práinsson

Bæjarstjóri

Meðfylgjandi :

- Tillaga að samkomulagi við Hvalfjarðarsveit um breytt sveitarfélagamörk
- Yfirlýsing um breyttar lóðir, dags. 22. febrúar 2022